

Námskeið á haustdegi grunnskóla á Akureyri

14. ágúst 2019

Heilsdagsnámskeið

Að efla sig í starfi

Námskeiðið tekur á ólíkum leiðum til að efla sig í starfi.

Sigrún nefnir erindi sitt **Starfstengd streita og bjargráð**. Hún fjallar um forvarnir, um það hvað veldur streitu, hvernig hún birtist, um streitustjórnun, sjálfsþekkingu, HAM og önnur bjargráð.

Sigríður kallar erindi sitt **Hafðu áhrif á eigið líf!** Í því fjallar hún um það hvernig við getum haft áhrif á líf okkar, hvernig við getum eft farsæld og vellíðan í starfi til að auka meðvitund um eigið ágæti og möguleika og hvernig við sækjum hvatningu til að vinna að því.

Sonja Sif kallar erindi sitt **Allt að vinna, engu að tapa**. Hún fallar um mataræði, hreyfingu og jákvæða hugsun, þar sem hún beinir sjónum að okkar eigin ábyrgð á eigin heilsu, venjum, lífsstílsbreytingum, matarræði, hreyfingu og hugarfari.

Vilhjálmur kallar erindi sitt **Sköpunar-krafta-verk(ir)** og fjallar hann um hvernig við getum nýtt sköpunarkraftinn til að vinna okkur úr erfiðum aðstæðum og styrkja okkur í starfi. Hann skoðar hvernig listsköpun af ýmsu tagi getur verið eflandi og aukið yfirsýn. Leiðarstefin eru að vinnan verði skapandi og skemmtileg.

Kennarar: Sigrún Heimisdóttir sálfræðingur, Sigríður Ólafsdóttir markþjálfari, Sonja Sif Jóhannsdóttir íþróttakennari og Vilhjálmur B. Bergmann listamaður.

Námskeið í boði fyrir hádegi

Google náms- og kennsluumhverfið I

Námskeiðið er ætlað kennurum sem vilja stíga fyrstu skrefin í að nýta sér tækni í námi og kennslu. Farið verður í grunnþætti Google kerfisins, sem margir skólar eru að nota í dag, og í þau forrit sem mest eru notuð í námi og kennslu innan kerfisins. Námskeiðið samanstendur af stuttum innlögnum og verklegum æfingum þar sem leitast er við að fara í efni sem nýtist kennurum í skólastofunni, í samskiptum og í eigin skipulagi. Þátttakendur geta komið með eigin tölvu en að öðrum kosti er hægt að fá lánaða Chromebook á staðnum.

Farið verður í: Docs, Drive, Slides, Forms, Sites og Gmail.

Krakkaspjall

Krakkaspjall er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað strákum og stelpum á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Krakkaspjall samanstendur af 10 samræðu- og samskiptafundum og er hver fundur 40-60 mínútna langur. Á fundunum hittast krakkahópur og samræðustjóri og taka þátt í fjölbreyttum samræðu- og samskiptaverkefnum. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði spjallverkefnisins og fyrsti fundur lagður inn. Í framhaldi af námskeiðinu munu þátttakendur leggja inn fyrsta fund með nemendahópnum sínum. Námskeiðshaldari mun svo hitta þátttakendur reglulega í vetur, leggja inn tvo fundi í hvert skipti og veita ráðgjöf og stuðning.

Kennari: Sigríður Ingadóttir

Gagnvirkur lestur

Námskeiðið er hugsað fyrir kennara sem kenna á mið- og unglíngastigi grunnskóla. Á námskeiðinu fá þátttakendur að kynnast leiðum í gagnvirkum lestri sem hægt er að nýta með þessum aldurshópi.

Kennari: Sigríður Ingadóttir og/eða Anna Sigrún Rafnsdóttir

Menning og náttúra – samþætting námsgreina

Menning og náttúra eru samofnar heildir. Í þessu námskeiði verður leitast við að skoða hvernig maðurinn byggir og nýtir jörðina. Við munum skoða hvaða kennsluaðferðir henta best þegar unnið er með samfélagsgreinar á ólíkum skólastigum og hvernig þær styðja við marga af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá. Við fjöllum um auðlindir, lifnaðarhætti, búsetu o.fl. auk þess sem við skoðum hvernig hægt er að háttta verkefnavinnu í samfélagsgreinum.

Kennari: Brynhildur Bjarnadóttir

Osmo

Á námskeiðinu læra þátttakendur að nota Osmo kennslutækið sem margir skólar hafa fjárfest í. Þátttakendur fá tækifæri til að prófa leikina og læra að búa til sín eigin verkefni í Osmo Words. Osmo Words er skemmtilegt forrit sem hægt er að nota til að efla hljóðkerfisvitund og stafakunnáttu í yngstu bekkjum grunnskólans. Með því er auðvelt að búa til verkefni t.d. út frá bókum eða þemaverkefnum. Smáforritið er einnig sniðugt í tungumálakennslu fyrir alla aldurshópa. Verkefnin er hægt að búa til hvort heldur sem er í tölvu eða ípad.

Kennari: Íris Hrönn Kristinsdóttir

Stærðfræðinámskeið opin verkefni á unglingsstigi

Námskeiðið er ætlað þeim kennurum sem vilja þróa starfshætti sína í stærðfræðikennslu. Á námskeiðinu læra kennarar um þróunarlíkan sem notað er til að efla stærðfræðikennslu og hefur verið notað með góðum árangri í Svíþjóð. Á námskeiðinu verður þróunarlíkanið prófað og viðfangsefnið opin verkefni tekið fyrir. Markmið námskeiðsins er að kennarar læri um opin verkefni og velti fyrir sér eftirfarandi spurningum; hvað eru opin verkefni, hvað fela þau í sér, hvernig stuðla þau að stærðfræðinámi og hvernig tengjast þau félagastuðningi í nám? Að loknu námskeiði getur kennari notað opin verkefni í stærðfræðikennslu og þekkir markvissa og árangursríka leið til að þróa stærðfræðikennslu í kennarahópi.

Kennari: Sólveig Zophoníasdóttir

Teymiskennsla

Faglegt samstarf er eitt af megininkennum lærdómssamfélags. Þegar vel tekst til getur náði og markvisst samstarf í teyllum reynst farsæl leið til að efla fagmennsku í daglegu skólastarfi í þágu nemenda. Á námskeiðinu verður fjallað um áherslur og vinnubrögð í teyllum og þá þætti sem þurfa að vera til staðar í árangursríku og gefandi samstarfi. Námskeiðið samanstendur af fróðleik, samræðu og stuttum verkefnum.

Kennari: Laufey Petrea Magnúsdóttir

Námskeið í boði eftir hádegi

Forysta kennara

Farið er í það hvernig forysta kennara birtist í skólastarfi og hvaða gildi hún hefur fyrir skólastarf. Þá er fjallað um hvernig má efla og styðja við forystu þeirra og hvaða aðstæður í skólasamfélaginu ýta undir þróun slíkrar forystu. Ennfremur verður litið til þess hvernig kennarar sjálfir geta eflt forystu sína. Á námskeiðinu verður leitast við að tengja viðfangsefnið við raunverulegar aðstæður kennara og þeirra sem námskeiðið sitja. Námskeiðið er ætlað bæði kennurum og stjórnendum í skólum.

Kennari: Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Google náms- og kennsluumhverfið II

Námskeiðið er ætlað kennurum sem vilja stíga fyrstu skrefin í að nýta sér tækni í námi og kennslu. Farið verður í grunnþætti Google kerfisins, sem margir skólar eru að nota í dag, og í þau forrit sem mest eru notuð í námi og kennslu innan kerfisins. Námskeiðið samanstendur af stuttum innlögnum og verklegum æfingum þar sem leitast er við að fara í efni sem nýtist kennurum í skólastofunni, í samskiptum og í eigin skipulagi. Þátttakendur geta komið með eigin tölvu en að öðrum kosti er hægt að fá lánaða Chromebook á staðnum.

Farið verður í Classroom og námsmat, Doctopus og viðbætur, Drawings, Keep, Calender, Sheets o.fl.

Náttúruvísindi - Hvernig efli ég mig sem náttúruvísindakennari?

Fjallað verður um eitt og annað sem snýr að náttúruvísindamenntun í grunnskólum. Við skoðum nærumhverfið, fjöllum um útikennslu og sjálfbærni og hvernig við getum samþætt náttúruvísindagreinar við aðrar námsgreinar. Fjallað verður um hringrásir, loftslagsbreytingar, mikilvægi jarðvegs og ýmis önnur umhverfismál sem eru ofarlega á baugi í dag. Markmiðið er að opna augu starfandi kennara fyrir þeim fjölmörgu tækifærum sem náttúruvísindakennsla býður upp á í samfélagi nútímans. Unnið verður bæði úti og inni, eftir því sem aðstæður leyfa.

Kennari: Brynhildur Bjarnadóttir

Ritun og snjalltækni – rafbækur og hugtakakort

Á námskeiðinu verður fjallað um hvernig hægt er að nota rafræn verkfæri í ritun. Þátttakendur læra að gera rafbækur í Book Creator og hljóðbækur í Book Recorder. Auk þess verður fjallað um hugtakakortagerð og fá þátttakendur tækifæri til að prófa nokkur forrit sem hægt er að nota til að búa til rafræn hugtakakort.

Kennari: Anna Sigrún Rafnsdóttir og/eða Íris Hrönn Kristinsdóttir

Róbótaforritun – Sphero, Dash og Dot, Ozoboot

Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig hægt er að nota forritun á skapandi hátt í skólalastarfi og tengja verkefni námskránni. Þátttakendur fá tækifæri til að prófa mismunandi róbóta og læra að forrita þá til ýmissa verka. Róbótarnir sem kynntir verða eru Sphero (Sphero mini, Sphero sprk+ og Sphero Bolt), Dash og Dot og Ozobot. Námskeiðið hentar vel fyrir kennara sem eru að stíga fyrstu skrefin í forritun.

Unglingaspjall

Unglingaspjall er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað strákum og stelpum á mið- og unglíngastigi. Verkefnið samanstendur af 10 samræðu- og samskiptafundum og er hver fundur 40-60 mínútna langur. Á fundunum hittast nemendahópur og samræðustjóri og taka þátt í fjölbreyttum samræðu- og samskiptaverkefnum. Á námskeiðinu verður farið í hugmyndafræði verkefnisins og fyrsti fundur lagður inn. Í framhaldi af námskeiðinu munu þátttakendur leggja inn fyrsta fund með nemendahópnum sínum. Námskeiðshaldari mun svo hitta þátttakendur reglulega í vetur, leggja inn tvo fundi í hvert skipti og veita ráðgjöf og stuðning.
Kennari: Sigríður Ingadóttir